



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps

25. fundur

Haldinn að Hlíðavegi 6, miðvikudaginn 14. október 2015, kl 09:15.

Mætt: Yngvi Ragnar Kristjánsson, Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, Sigurður G. Böðvarsson, Guðrún Brynleifsdóttir, Elísabet Sigurðarsóttir varamaður

Friðriks Jakobssonar og Jón Óskar Pétursson sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning
2. Fundargerð Skipulagsnefndar frá 5. október 2015
3. Aðalfundur Kjarna ehf
4. Bréf forsætisráðuneytisins dags. 23. september 2015- Eigendastefna fyrir þjóðlendur
5. Aukaaðalfundur Samorku 2015
6. Bréf Mannvirkjastofnunar frá 22. september 2015 – Úttekt slökkviliða 2015
7. Bréf HSP frá 16. september 2015 – Rekstarstyrkur
8. Erindi Laufeyjar Sigurðardóttur frá 29. september 2015
9. Svæðisáætlun um meðferð úrgangs á Norðurlandi 2015-2026
10. Ályktun stjórnar Heimilis og skóla dags. 25. september 2015
11. Slægjufundur 2015- frestun
12. Skýrsla sveitarstjóra - munnleg

Afgreiðslur

1. Oddviti setti fund
2. Lögð fram fundargerð Skipulagsnefndar frá 5. október 2015. Fundargerðin er í 3 liðum.

Liður 2. Landsskipulagsstefna.

Sveitarstjórn tekur undir ábendingar Skipulagsnefndar. Sveitarstjóra falið að koma ábendingum á framfæri í samræmi við umræður á fundinum.

Liður 3. Átak í umhverfismálum.

Sveitarstjórn þakkar frumkvæðið og samþykkir að visa tillögunni til umsagnar Umhverfisnefndar.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina að öðru leyti.

3. Lagt fram aðalfundarboð Kjarna ehf sem haldinn var þann 13. október 2015.
4. Lagt fram bréf frá forsætisráðuneytinu dagsett 23. september 2015 varðandi verkefnislýsingu eigendastefnu fyrir þjóðlendur. Forsætisráðuneytið telur mikilvægt að fyrir liggi skýr stefna um það hvernig ríkið rækir landeigenda- og umsýsluhlutverk sitt á þjóðlendum samkvæmt lögum nr. 58/1998 og hefur því ákveðið að vinna drög að eigendastefnu fyrir þjóðlendur. Óskað er ábendinga um verkefnislýsinguna. *Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra, í ljósi umræðna á fundinum, að óska eftir lengri umsagnarfresti og fara yfir málið með skipulags- og byggingarfulltrúa sveitarfélagsins.*
5. Lögð fram tilkynning um aukaaðalfund Samorku sem haldinn verður í Reykjavík þann 16. október 2015. Lagt fram til kynningar.
6. Í bréfinu eru kynntar niðurstöður úttektar Mannvirkjastofnunar á slökkviliði Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps sem framkvæmd var þann 4. maí 2015 á grundvelli 6. greinar laga um brunavarnir. *Sveitarstjóra falið að ræða við fulltrúa*

YPR

Pingeyjarsveitar og slökkviliðsstjóra varðandi þær ábendingar sem fram koma í bréfinu.

7. Í bréfinu er óskað viðræðna um endurnýjun á gildandi styrktarsamningi Skútustaðahrepps og HSP sem rennur út nú í haust. *Sveitarstjóra falið að ræða við fulltrúa HSP. Endurnýjun samnings er vísað til gerðar fjárhagsáætlunar 2016.*
8. Í erindinu óskar bréfitari eftir rökstuðningi sveitarstjórnar varðandi fyrri ábendinga og óska um lokun umferðar í Höfða að kvöld-og næturlagi. *Sveitarstjóra falið að svara bréfitara í ljósi umræðna á fundinum.*
9. Lögð fram sameiginleg svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi fyrir tímabilið 2015-2026, sem leggja þarf fyrir sveitarstjórnir til samþykktar. Tillagan ásamt umhverfisskýrslu var auglýst til kynningar í Lögbirtingablaðinu og í Fréttablaðinu þann 22. maí sl. og gefinn frestur til 3. júlí til að koma athugasemdum á framfæri. Verkefnisstjórn hefur nú farið yfir þær ábendingar sem bárust og gert tilsvareandi breytingar á áætluninni eftir því sem þörf var talin á. Eina efnislega breytingin sem gerð hefur verið, frá þeirri tillögu sem send var til sveitarstjórna í sumarbyrjun, felst í umfjöllun um brennslustöðvar fyrir dýraleifar.

Hlutadeigandi sveitarstjórnir þurfa að staðfesta svæðisáætlunina í samræmi við 6. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs með síðari breytingum. Þegar allar sveitarstjórnir á svæðinu hafa samþykkt áætlunina verður gengið frá endanlegri útgáfu þar sem dagsetningar samþykkt einstakra sveitarstjórna koma m.a. fram.


Svæðisáætlunin inniheldur m.a. allítarlegt yfirlit yfir stöðu úrgangsmála í hverju sveitarfélagi um sig og á starfssvæðum einstakra sorpsamlaga. Þar eru einnig settar fram megináherslur sveitarfélaga á Norðurlandi í úrgangsmálum fram til ársins 2026.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkir sameiginlega svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi 2015-2026 fyrir sitt leyti.


10. Lögð fram ályktun Heimilis og skóla vegna gervigrasvalla. Þar er farið fram á að sveitarfélög endurnýji þá velli sem þaktir eru dekkjakurli. *Sveitarstjórn felur sveitarstjóra og skipulags- og byggingafulltrúa að kanna leiðir til úrbóta.*
11. Oddviti kynnti ósk sem borist hefur frá slægjunefnd um frestun slægjufundar 2015. Eftirfarandi bókun var samþykkt. *Sveitarstjórn Skútustaðahrepps hefur fallist á ósk undirbúningsnefndar um að fresta slægjufundi um eina viku. Um margt óvenjulegar aðstæður er að ræða þetta árið og er ljóst að mikill fjöldi sveitunga verður ekki í sveitinni fyrsta vetrardag. Sveitarstjórn vill beina þeim tilmælum til þeirra sem skipulegga viðburði og frí í okkar ágætu sveit að virða gamlar hefðir með það að leiðarljósi að hefja þær til vegs og virðingar fyrir okkur öll og okkar afkomendur. Með von um góða mætingu á slægjufund 31. október 2015 og einnig staðfestist það hér með að slægjufundur 2016 verður haldinn fyrsta vetrardag, 22. október.*
12. Sveitarstjóri fór yfir helstu atriði sem unnið hefur verið að frá síðasta reglubundna fundi sveitarstjórnar.

Fundi slitið kl. 10:15


Yngvi Ragnar Kristjánsson


Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir


Guðrún Brynleifsdóttir


Sigurður G. Böðvarsson

Elisabet Sigurðardóttir

Elisabet Sigurðardóttir

Jón Óskar Pétursson

Jón Óskar Pétursson